

Geðhjálp svarar Landspítala

Geðhjálp fékk á dögunum, eins og fleiri svonefnd sjúklingasamtök, sendar spurningar frá starfshópi um stefnumörkun Landspítala.



Sigursteinn Mássyni formaður Geðhjálpar.

tök, sendar spurningar frá starfshópi um stefnumörkun Landspítala.

Formanni félagsins, Sigursteini Mássyni, var falið að svara fyrir hönd stjórnar og fara spurningar og

svör hér á eftir.

1. Hvað viltu sjá í stefnu Landspítala til ársins 2016?

Ég vil sjá að hlutverk og markmið Landspítalans sem háskóla-sjúkrahús verði betur skilgreint en nú er. Einnig að bráðaðþjónusta verði betur skilgreind og annaðhvort horfið að fullu frá kostnaðarhlutdeild sjúklinga eða hún endurhugsuð. Það verður einnig að skýra betur skyldur Landspítala gagnvart öllu landinu. Geðheilbrigðisþjónusta í nýju sjúkrahúsi einskorðist við sólarhrings bráðaðþjónustu.

2. Hvernig getur Landspítali best þjónað sjúklingum sem þú ert í forsvari fyrir?

Mikilvægt er að stór hluti þeirrar geðheilbrigðisþjónustu sem spítalinn sinnir nú verði færð út



Sigursteinn telur brýnt að loka Kleppspítala sem fyrst. FRETTABLAÐIÐ/GVA

í samfélagið í nánum tengslum við grunnþjónustu heilsugæslu og sveitarfélaga. Landspítalinn mun eftir sem áður þjóna mikilvægu hlutverki varðandi bráðaðþjónustu, þjónustu við tvígreinda og samræmda teymisvinnu til stuðnings nærþjónustunni. Brýnt er að hætta geðþjónustu á Kleppspítala sem fyrst.

3. Hver er ímynd Landspítala að þínu mati?

Hún er frekar góð. Þar er mikill mannaúður en endurskipulagning og endurhugsun þjónustunnar er mikilvæg. Það þarf að samþætta mun betur heilbrigðis- og félagslegan stuðning og reyndar innleiða í auknum mæli heildræna nálgun á heilsu og vanheilsu. Landspítalinn á það á hættu að staðna í þröngu læknisfræðilegu módeli ef hann heldur ekki vöku sinni og endurskoðar hugmyndafræðina með reglulegum hætti.